

Skotíþróttaping STÍ. Laugardaginn 8. nóvember 2003 kl.10:00.

Tillaga um menn í kjörbréfanefnd lögð fram. Mælt með Jóni S. Ólasyni, Steinari Einarssyni og Hilmarí Á. Ragnarssyni. Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Tillaga lögð fram um að Axel Sölvason verði þingforseti og Eiríkur Ó. Jónsson verði þingritari. Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Tillaga lögð fram af stjórn STÍ um afbrigði af tímasetningu skotþingsins (8.nóvember 2003). Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Tillaga um menn í fjárhagsnefnd. Mælt með Guðmundi Kr. Gíslasyni, Steinari Einarssyni og Eiríki Ó. Jónssyni. Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Tillaga um menn í laganefnd. Mælt með Kjartani Friðrikssyni, Jóni S. Ólasyni og Guðmundi H. Brynjarssyni. Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Tillaga um menn í allsherjarnefnd. Mælt með Halldóri Axelssyni, Árna Leifssyni og Árna Pálssyni. Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Skrýrsla ársins 2002 kynnt af Jóni S. Ólasyni, formanni STÍ. Kvað hann það hafa verið ljóst á síðasta skotþingi að lítið væri hægt að gera á árinu 2002 annað en að rétta úr fjárhag STÍ. Voru engir keppendur sendir utan til keppni af STÍ en einn keppandi, Ellert Aðalsteinsson, hafi farið út á eigin vegum og borið af því allan kostnað. Stjórnin hafi kosið fulltrúa skotmanna til kjörs á íþróttamanni ársins og þar hafi orðið fyrir valinu Carl J. Eiríksson, fyrir góðan árangur í riffilskotfimi, og Kristín Röver, fyrir

góðan árangur í loftskammbyssu. Auk þess hafi komið upp mál varðandi dóm er féll í máli Ellerts Aðalsteinssonar, met hans í haglabyssu/skeet, og hafi stjórn STÍ áfrýjað þeim dómi en þeirri áfrýjun hafi verið hafnað vegna formgalla og því standi met Ellerts.

Gjaldkeri STÍ, Guðmundur Kr. Gíslason gerir grein fyrir ársreikningi 2002. Í ársreikningi kom fram að mikið hafi verið gert í að borga upp gamlar skuldir STÍ og því væri að mestu leyti lokið. Var vakin á því athygli að ýmsar eignir STÍ, á skrifstofu og víðar, væru komnar á tíma og að brotalöm hafi verið á skránni yfir afskriftir eigna en það stæði nú til bóta.

Þingforseti spyr hvort menn vilji tjá sig um skýrslu stjórnar. Ferdinand Hansen, SÍH, tók til máls og kvaðst ósáttur við það hvernig stjórnin hafi beitt sér gegn meti Ellerts Aðalsteinssonar og að hann væri með gögn undir höndum sem styddu málstað Ellerts og að mönnum væri velkomið að kynna sér þau.

Skýrsla ársins 2002 var borin undir fundargesti og var ársskýrsla 2002 samþykkt einróma af fundargestum.

Kjörbréfanefnd tók til starfa og var stutt hlé gert á þingi á meðan að nefndin lauk störfum. Steinar Einarsson las svo upp nöfn mættra fundargesta. Mættu 2 fulltrúar frá HSK, 3 fulltrúar frá ÍBA, 1 fulltrúi frá UÍÓ, 3 fulltrúar frá ÍRB, 13 fulltrúar frá ÍBR, 3 fulltrúar frá UMSK, 2 fulltrúar frá SÍH, 1 fulltrúi frá HSV. Forfallaðist einn fulltrúi ÍBR og var skriflegt umboð fyrir atkvæði hans afhent kjörbréfanefnd.

Bauð þingforseti velkomna á fundinn þrjá gesti frá ÍSÍ þá Ellert B. Schram, forseta ÍSÍ, Stefán Konráðsson, framkvæmdarstjóra ÍSÍ, og Hafstein Pálsson, stjórnarmann ÍSÍ.

Ellert B. Schram ávarpaði þingið. Kvað hann það eftirtektavert hversu vel var mætt á skotþingið. Vakti hann athygli á dómi ÍSÍ vegna mets Ellerts

Aðalsteinssonar og sagði að menn yrðu að sætta sig við þann dóm. Kvað hann stjórn ÍSÍ ekki hafa komið nærri dómsmáli Ellerts. Minntist Ellert á batnandi fjárhagstöðu STÍ og mikilvægi lottótækna fyrir STÍ. Kvað hann skotíþróttina hafa unnið sér sess innan ÍSÍ og kvaðst vita að hjá skotmönnum væru miklar væntingar bundnar við væntanlegt skotsvæði SR á Álfsnesi. Að lokum þakkaði Ellert fyrir gott samstarf við stjórn STÍ og að hann vænti

áframhaldandi góðs samstarfs við nýja stjórn STÍ.

Borið var undir fundargesti hvort þeir væru samþykkir að taka til umfjöllunar tillögur til lagabreytinga án fyrirvara í stað 14 daga fyrirvara eins og venjan er. Var einn fundargesta andvígur því en aðrir því samþykkir og tillögurnar teknar til umfjöllunar.

Jón S. Ólason les upp tillögur stjórnar STÍ til lagabreytinga. 7. grein:

Skotíþróttapíng er æðsta framkvæmdarvald um málefni STÍ. Skotíþróttapíng skal haldið í janúar til mars ár hvert og skal þingið boðað bréflaga með

minnst tveggja mánaða fyrirvara og aftur með 14 daga fyrirvara. Greinin

orðist svo: Skotíþróttapíng er æðsta framkvæmdarvald um málefni STÍ. Skotíþróttapíng skal haldið í janúar til maí ár hvert og skal þingið boðað bréflaga með minnst tveggja mánaða fyrirvara og aftur með 14 daga fyrirvara.

8. grein, d liður: Formaður Ólympíunefndar Íslands eða fulltrúi hans. Liðurinn falli út. 10. grein um störf skotþíngs, 12. töluliður: Ákvörðun á keppnisgjaldi, skráningargjaldi og félagaskiptagjaldi til STÍ. Liðurinn

orðist svo: Ákvörðun á keppnisgjaldi og félagaskiptagjaædi til STÍ. 12. grein: Kærugjald skal ákvarðast á skotíþróttapíngi. Kærugjald skal endurgreiðast er kærandi vinnur málið. Greinin orðist svo: Kærugjald skal fylgja lögum og reglum viðkomandi alþjóðasambands. Kærugjald endurgreiðist er kærandi vinnur málið. Til samræmingar fellur 13. töluliður 10 greinar út. 14. grein, b liður falli út. Formaður STÍ boðar formannafundi skotíþróttafélaga a.m.k. þrisvar á ári og stjórnar þeim.

Jón S. Ólason gerir grein fyrir lagabreytingum. Þingforseti spyr hvort einhver vilji kveða sér hljóðs um lagabreytingar en svo reyndist ekki vera. Tillögur um lagabreytingar samþykktar einróma af fundargestum.

Þingforseti boðar til þinghlés kl.10:45. Þinghléi lokið kl.11:05.

Guðmundur Kr. Gíslason kynnir áætlun fjárhagsnefndar þar sem stefnt er að því að ársreikningur ársins 2003 komi út í plús. Áætlunin samþykkt einróma af fundargestum.

Tillaga um óbreytt keppnisgjald til STÍ, 1000 krónur á keppanda, og 3000

króna félagaskiptagjald. Tillagan samþykkt einróma af fundargestum.

Var kosið um nýja stjórn STÍ fyrir tímabilið 2003-2004. Gaf Jón S. Ólason áfram kost á sér til formanns STÍ og var hann kosinn með dýnjandi lófataki. Í aðalstjórn var stungið upp á Kjartani Friðrikssyni og Halldóri Axelssyni sem meðsjórnendum og Páli Reynissyni sem varamanni og var uppástungan samþykkt einróma af fundargestum. Áfram sitja í aðalstjórn Guðmundur Kr. Gíslason og Steinar Einarsson.

Voru eftirfarandi menn valdir til nefndarstarfa með einróma samþykkt fundargesta. Skoðunarmenn reikninga: Hilmar Á. Ragnarsson, Jónas Hafsteinsson og sem varamenn Sigfús T. Blumenstein og Hannes Haraldsson.

Mótanefnd: Guðmundur Kr. Gíslason, Sveinbjörn Másson, Kjartan Friðriksson og sem varamenn Björn E. Sigurðsson, Guðmundur H. Brynjarsson og Kári Grétarsson. Dómaranefnd: Friðþór Sigurmundsson, Steinar Einarsson, Ívar

Erlendsson og sem varamenn Guðmundur Kr. Gíslason, Áki H. Garðarsson og Arnfinnur Jónsson. Aganefnd: Jón S. Ólason, Kjartan Friðriksson, Halldór Axelsson og sem varamenn Guðmundur H. Brynjarsson, Stefán G. Stefánsson og Jens Magnússon. Var samþykkt að stjórn STÍ ákveði fulltrúa á þing ÍSÍ.

Bað þingforseti menn að kveða sér máls um önnur mál.

Þakkaði Jón S. Ólason, formaður STÍ, fyrir stuðninginn til endurkjörs og

sagði að gaman væri að sitja í sjórn eftir að STÍ væri búið að rétta úr kútnum. Kvað hann mörg mál vera efst á baugi eins og aðstöðu SR í Egilshöll og úti á Álfsnesi og fyrirhugað UMFÍ skotmót á Sauðárkróki. Kvaðst Jón vilja beita sér fyrir því að unnt væri að fá yngra fólk inn í skotíþróttina og að hann vildi sjá lágmarksaldurinn, til að hefja æfingar í skotfimi, lækkaðan niður í 12 ár úr þeim 15 árum sem nú stendur til að samþykkja með reglugerðarbreytingu.

Þakkaði Axel Sölvason, þingforseti, mönnum fyrir störf sín og Jón S. Ólason þakkaði þingforseta fyrir störf sín á þinginu og að því loknu sleit þingforseti þingi kl.11:30.